LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS

FJÖLRIT 30

BOTNDÝRALÍF Í ÞERNEYJARSUNDI

GUÐMUNDUR VÍÐIR HELGASON

JÖRUNDUR SVAVARSSON

REYKJAVÍK 1991

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR

Að beiðni Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs. framkvæmdi Líffræðistofnun háskólans athuganir á botndýralífi í Þerneyjarsundi. Rannsóknirnar eru vegna fyrirhugaðrar urðunar sorps á Álfsnesi. Gert er ráð fyrir að afrennsli urðunarstaðarins verði í Þerneyjarsundið og því var ráðist í að afla gagna um botndýralíf þar, svo hægt verði að fylgjast með hugsanlegum áhrifum sorpurðunar í framtíðinni.

2. AÐFERÐIR

2.1 Sýnataka

Sýnataka fór fram 14. maí 1990. Til verksins var notað rannsóknarskipið Mímir RE 3. Sýni voru tekin á 5 stöðvum og voru fjórar stöðvar á sniði út vík milli Álfsness og Þerneyjar, en fimmta stöðin var staðsett á rifi í Þerneyjarsundi á milli Þerneyjar og Gunnuness (Mynd 1, Tafla 1). Dýpi á stöðvunum var 3 - 15 m, miðað við meðalstórstraumsfjöru (Tafla 1). Á hverri stöð voru tekin 4 sýni af botni með Van Veen botngreip, sem er 0.1 m^2 að flatartaki. Á hverri stöð var skráð staðsetning (Loran C) og dýpi og fylling greipa var áætluð. Þrjár greipar af hverri stöð voru teknar til athugunar á dýralífi. Sýnin voru sigtuð í gegnum sigti með 0.5 mm möskvastærð. Fjórða greiparsýnið var tekið til athugunar á kornastæðardreifingu. Öll sýni voru varðveitt í 10% formalínlausn og sýni til athugana á botndýralífi voru lituð með Bengal Rosa.

Við sýnatöku unnu Úlfar Bergþórsson, Guðmundur Víðir Helgason og Jörundur Svavarsson auk áhafnar Mímis RE 3, þeirra Þórðar Arnar Karlssonar, skipstjóra og Ásgeirs Torfasonar, vélstjóra.

2.2. Úrvinnsla

Á rannsóknastofu var formalínið skolað af sýnunum og stór dýr týnd úr setinu. Vegna mikils magns sets, sem varð eftir í sigti, reyndist nauðsynlegt að taka hlutsýni af flestum sýnanna og var oftast unnið úr 1/4 hluta sýnis. Dýrum var fleytt ofan af seti og þau varðveitt í 70% ísóprópanóli. Síðan var leitað í seti að dýrum (stærri skeldýr) sem ekki var hægt að fleyta ofan af. Stundum var tekið minna hlutsýni ef mjög mikið set varð eftir í sigti (1/16 hluti). Öll dýr voru greind til tegundar eða safnhóps.

Kornastærðardreifing var athuguð með Endecott kornastærðardeili, sem sigtar þurrt set í gegnum röð sigta með möskvastærðirnar 2, 1, 0.5, 0.250, 0.125 og 0.063 mm. Fyrir sigtun var setið þvegið þrisvar í óblönduðu ísóprópanóli til að minnka samloðun agna. Setið var síðan þurrkað í hitaskáp við 60°C. Hlutfall kornastærða var fundið með viktun á þurru seti.

2.3. Svæðislýsing

Þerneyjarsund er sund fyrir botni Kollafjarðar. Sundið afmarkast af Gunnunesi til austurs, Álfsnesi til norðurs og af Þerney til vesturs og suðurs (1. mynd). Þerneyjarsund er nokkuð skýlt, en er þó opið fyrir vestan- og norðvestanáttum. Botn Þerneyjarsunds norðan Þerneyjar er að stórum hluta fínn skeljasandur, en sandurinn verður leðjubornari eftir því sem dýpi eykst. Björgun h/f hefur gert tilraunir til sanddælingar á þessu svæði, þó ekki í námunda við sýnatökustaði þessarar athugunar. Svæðið var kannað sérstaklega með bergmálsdýptarmæli og virtust ekki vera nein merki sandnáms á botninum. Björgun h/f hefur fallist á að gera ekki frekari tilraunir til sanddælingar í Þerneyjarsundi. Stöð 5 var á milli Þerneyjar og Gunnuness, en þar er rif milli lands og eyjar. Botninn þar var leðja með smásteinum.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1. Kornastærð

Niðurstöður kornastærðardeilingar sjást í töflu 2. Á stöðvum 1 og 2 er skeljasandur og er hann nokkuð fínni á stöð 2. Skeljasandurinn á stöðvum 1 og 2 er að mestu brot úr hrúðurkörlum. Á stöð 3 er mjög fínn sandur og á stöð 4 er sandborinn leir. Á stöðvum 1-4 verður setið því fínna eftir því sem dýpi eykst. Stöð 5 er ólík öðrum stöðvum vegna mikils magns af smásteinum (≥ 2 mm) í setinu. Að öðru leiti er setið þar leirborið, en ekki eins vel aðgreint (sorted) og á hinum stöðvunum.

3.2. Dýralíf

Þéttleiki var að meðaltali 16200 einstaklingar á m^2 (Töflur 3-8). Mestur var þéttleikinn á stöðvum 4 og 5 (um 25500/m^2), en minnstur á stöð 1 (3600/m^2). Fjöldi tegunda og safnhópa (Tafla 3) var að meðaltali 54 á stöð. Flestar voru tegundirnar á stöð 5 (76 tegundir) en fæstar á stöð 3 (45 tegundir). Ekki fannst samband milli þéttleika eða tegundafjölda og dýpis.

Þráðormar (Nematoda) voru algengastir á öllum stöðvunum (Töflur 4-8), en þéttleiki þeirra var að meðaltali 5670 einstaklingar/m^2. Mestur þéttleiki þráðorma var á stöð 2 (9980/m^2), en minnstur á stöð 1 (853/m^2). Skelkrabbar (Ostracoda) voru næst algengastir, með 1350/m^2 að meðaltali, en mest var af þeim á stöð 5 (3920/m^2) og minnst á stöð 1 (6.7/m^2). Burstaormurinn *Scoloplos armiger* var þriðja algengasta tegundin með 898/m^2 að meðaltali, en mest var af tegundinni á stöð 4 (2026/m^2) og minnst á stöðvum 1 og 2 (13.3/m^2 á hvorri stöð). Auðnuskel (*Crenella decussata*) með

865/m² að meðaltali var fjórða algengasta tegundin, en mest var af henni á stöð 4 (2053/m²), en hana vantaði á stöð 1. Burstaormurinn *Sphaerosyllis erinaceus* var fimmta algengasta tegundin með 617/m² að meðaltali. Mest var af tegundinni á stöð 5 (3000/m²), en minnst á stöð 2 (6.7/m²) og tegundin fannst ekki á stöðvum 3 og 4. Áninn *Grania postclitellochaeta* var sjötta algengasta tegundin með 513/m² að meðaltali, en tegundin fannst aðeins í einhverjum mæli á stöð 2 (2553/m²). Lítilsháttar var af tegundinni á stöð 1 (13.3/m²) en hún fannst ekki á öðrum stöðvum. Næst komu Harpacticoida með 397/m² að meðaltali, en mest var af þeim á stöð 5 (1546/m²) og minnst (3.3/m²) á stöð 3. Aðrar algengar tegundir voru: Ryðskel, *Montacuta cf. ferruginosa* (357/m²), burstaormurinn *Paraonis gracilis* (309/m²), marflóin *Protomedeia fasciata* (302/m²), dorraskel *Astarte elliptica* (255/m²), burstaormurinn *Chaetozone setosa* (230/m²) og þvengflóin *Leptognathia gracilis* (230/m²).

Breytileikinn hér að ofan gæti bent til þess að ósamræmi sé í tegundasamsetningu einstakra botngreipa innan stöðvanna. Svo er hins vegar ekki (Töflur 4-8). Staðalfrávik (SD) á öllum stöðvum er viðunandi, þrátt fyrir að aðeins voru tekin þrjú botngreiparsýni á hverri stöð.

Tegundir eru misalgengar á svæðinu og bendir það til að stöðvar séu nokkuð ólíkar. Þetta gæti m.a. orsakast af mismunandi þéttleika. Til að kanna hversu líkar stöðvar eru má nota röðunargreiningu, en í slíkri greiningu er tegundum raðað eftir því hversu algengar þær eru á hverri stöð (Tafla 9). Ekki er tekið tillit til þéttleika einstakra tegunda. Aðeins voru teknar hér 15 algengustu tegundir hverrar stöðvar.

Þráðormar voru algengastir á öllum stöðvum (Tafla 9). Það er athyglisvert að önnur til níunda algengustu tegundir á stöð 2 eru, með einni undantekningu, ekki meðal níu algengustu tegunda á stöð 1. Á svipaðan hátt er engin af annarri til níundu algengustu tegundum á stöð 3 meðal annarrar til níundu algengustu tegunda á stöð 1 og sex af níu algengustu tegundum á stöð 3 eru ekki á meðal níu algengustu tegunda á stöð 2. Stöð 4 ber vissan keim af stöð 3, en þrátt fyrir það eru fjórar af níu algengustu tegundunum á stöð 4 ekki meðal níu algengustu tegunda á stöð 3. Stöð 5 hefur viss

sérkenni, en ber keim af öllum hinum. Sjöunda algengasta tegundin á stöð 5 finnst aðeins á stöð 1 og er þar þrítugasta og fimmta algengasta tegundin á þeirri stöð. Áttunda algengasta tegundin á stöð 5 finnst ekki annarstaðar.

Vafasamt er því að tala um eitt samfélag botndýra á rannsóknasvæðinu og er frekar um að ræða fallanda í tegundasamsetningu.

Til að kanna frekar skyldleika stöðva var gerð klasagreining (cluster analysis, Euclidean aðferð þar sem meðaltölum var raðað (ranked)) (mynd 2). Samkvæmt klasagreiningu eru stöðvar 1 og 2 nokkuð líkar innbyrðis og einnig eru stöðvar 3 og 4 líkar innbyrðis. Þær síðarnefndu eru líkari innbyrðis en stöðvar 1 og 2. Stöð 5 flokkast ekki með öðrum stöðvum. Þessar niðurstöður passa vel við kornastærðardreifingu á athugunarsvæðinu og einnig við niðurstöður röðunar.

Tegundum var raðað í geometriska flokka til að sjá hvort áhrif einhverrar umhverfismengunar væru sjáanleg í Þerneyjarsundi. Í geometriskum flokki 1 eru tegundir með 1 einstakling, í flokki 2 eru 2-3 einstaklingar, flokkur 3 með 4-7 einstaklinga, flokkur 4 með 8-15 einstaklinga og svo framvegis. Þessi flokkun var gerð út frá meðalfjölda hverrar tegundar á öllum stöðvum. Sjaldgæfar tegundir fylla fyrstu flokkana og ef mikið er af tegundum í þeim bendir það til mikillar fjölbreytni (Gray og Pearson 1982, Gray o.fl. 1988). Ef lítið er af tegundum í fyrstu flokkunum bendir það til fábreytni. Hægt er að nota þessi ferli til þess að meta áhrif mengunar á samfélög. Í menguðu umhverfi fækkar sjaldgæfun tegundum og nokkrar tegundir verða algengari en áður. Skurðpunktur ferilsins við Y-ásinn verður því lægri, jafnframt því sem hægri endi ferilsins getur fjarlægst X-ásinn. Niðurstöður þessarar flokkunar sjást á myndum 3-7. Ekki er hægt að greina nein áhrif mengunar á stöðvum 1, 2, 3, og 5. Á stöð 4 er ferillinn frekar lágur og skurðpunktur við Y-ásinn miklu lægri en annars staðar. Þetta gæti bent til að einhverrar mengunar gæti þar. Aðrar stöðvar sýna töluverðan fjölda sjaldgæfra tegunda, eins og er jafnan í samfélögum sem ekki eru menguð.

4. ÁLYKTANIR

4.1 Samanburður við önnur svæði

Tegundafjöldi í Þerneyjarsundi er mikill, eða 54 tegundir á stöð að meðaltali. Þetta er mun meira en fundist hefur annars staðar við landið að undanskildum Breiðafirði (Guðmundur V. Helgason 1982) og ytri hluta Dýrafjarðar (Jörundur Svavarsson og Arnþór Garðarsson 1986). Þá hefur einnig fundist svipaður tegundafjöldi á tveimur stöðvum í Eiðsvík og Viðeyjarsundi (Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson 1986). Þessi tegundaauðgi í Þerneyjarsundi er ef til vill að einhverju leyti tilkomin vegna þess að kannað flatarmál á hverri stöð þar (einnig á Breiðafirði) er mikið (0.3 m^2 á stöð) miðað við aðrar athuganir. Við aukningu á könnuðu flatarmáli eykst yfirleitt fjöldi tegunda (sjá t.d. Josefson 1981). Í rannsókn í Viðeyjarsundi og Eiðsvík reyndust tvær mismunandi botngreipar (Haps og Shipek) hafa mismunandi tegundafjölda (33.5 tegundir/sýni og 42.6/sýni að meðaltali) á sömu stöð, en stærð greipanna er nokkuð mismunandi (0.0137 m^2 og 0.041 m^2). Á mynd 8 má sjá samband heildartegundafjölda á stöð og kannaðs flatarmáls fyrir Haps og Shipek frá stöð í Eiðisvík. Á myndinni má sjá að með auknu könnuðu flatarmáli eykst heildarfjöldi tegunda.

Þéttleiki dýra er mikill í Þerneyjarsundi (16200/m^2). Þetta er þó ekki eins mikill þéttleiki og hefur fundist á nálægum svæðum, en þéttleiki dýra í Eiðsvík var 61959/m^2 og í Viðeyjarsundi 35100/m^2 (Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson 1986). Annars staðar hérlendis hefur þéttleiki dýra reynst mun lægri, ef undan er skilinn Gilsfjörður (Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson 1989), en þar var þéttleiki dýra 26999/m^2. Þéttleiki er nokkuð háður árstíma.

Á innanverðu Viðeyjarsundi er svipuð botngerð og tegundasamsetning og er á stöð 5 (Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson 1987, stöð 1). Þéttleiki var þar svipaður, en tegundafjöldi var nokkuð hærri á stöð 5 í Þerneyjarsundi (76 tegundir á stöð 5 en 58 tegundir í Viðeyjarsundi). Á mynd 9 má sjá samband kannaðs

flatarmáls og heildartegundafjölda á þessum tveimur stöðvum. Á stöðinni í Viðeyjarsundi var notaður Haps sýnataki (0.00137 m^2) en Van Veen í Þerneyjarsundi (0.1 m^2), sex sýni voru tekin í Viðeyjarsundi (kannað flatarmál 0.00822 m^2) en þrjú á stöð 5 í Þerneyjarsundi (kannað flatarmál 0.3 m^2). Kannað flatarmál er því mun minna í Viðeyjarsundi og skýrir þetta líklega muninn sem er á tegundafjölda á þessum stöðvum.

Tegundasamsetning stöðva 3 og 4 minnir á stöðvar teknar í Eiðsvík (Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson 1987). Þar var þó mun meiri þéttleiki (30000/m^2-80000/m^2) heldur en í Þerneyjarsundi. Tegunda fjöldi var þó svipaður á báðum stöðum. Ekkert svæði sem kannað hefur verið hérlendis minnir hins vegar á stöðvar 1 og 2. Þetta er líkast til vegna þess að ekki hafa verið könnuð svo grunn svæði áður (3-6 m) þar sem er fínn sandur.

4.2. Frekari rannsóknir

Botndýrasamfélög eru ekki stöðug frá einu ári til annars, sérstaklega með tilliti til fjölda einstaklinga (Ziegelmeier 1978, Josefson 1981). Þegar könnuð eru áhrif hugsanlegrar mengunar á tegundasamsetningu og þéttleika er nauðsynlegt að þekkja náttúrulegan breytileika viðkomandi svæðis til að geta metið áhrif mengunar. Það er því mjög æskilegt að framhald verði á þessum athugunum. Æskilegt er að fylgst væri með botndýralífi á Þerneyjarsundi árlega næstu 3 árin. Heppilegt væri að valdar væru mismunandi stöðvar, t.d. stöðvar 2, 4 og 5, sem hafa nokkuð ólíka tegundasamsetningu. Geometrisk flokkun á stöð 4 gæti bent til þess að einhverrar mengunar gæti á leðjubotni í Þerneyjarsundi. Þetta væri mjög æskilegt að kanna nánar, t.d. með athugun á nokkrum stöðvum á leðjubotni í nágrenninu.

5. ÞAKKIR

Við viljum þakka áhöfninni á RS Mími þeim Þórði Erni Karlssyni og Ásgeiri Torfasyni fyrir aðstoð við sýnatöku. Einnig viljum við þakka Úlfari Bergþórssyni fyrir aðstoð við sýnatöku og Evu D. Þórðardóttur fyrir aðstoð við frágang skýrslu.

Sigurður R. Helgason framkvæmdastjóri Björgunar h/f og Sigurður Þ. Kristjánsson framleiðslustjóri veittu góðfúslega upplýsingar um sanddælingu á svæðinu.

6. HEIMILDIR

Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson. 1989. Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar. Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 26. 49 bls.

Gray, J.S. & Pearson, T.H. 1982. Objective selection of sensitive species indicative of pollution-induced change in benthic communities. I. Comparative methodology. Mar. Ecol. Prog. Ser, 9:111-119.

Gray, J.S., Aschan, M., Carr, M.R., Clarke, K.R., Green, R.H., Pearson, T.H., Rosenberg, R. and Warwick, R.M. 1988. Analysis of community attributes of the benthic macrofauna of Fierfjord/ Langessundfjord and in a mesocosm experiment. Mar. Ecol. Prog. Ser, 46:151-165.

Guðmundur V. Helgason. 1982. Botndýralíf á hluta Breiðafjarðar. Prófritgerð, Háskóli Íslands, 97 bls.

Guðmundur V. Helgason og Arnþór Garðarsson. 1986. Könnun á botndýralífi í Viðeyjarsundi og Eiðsvík. Handrit. 25 bls.

Jörundur Svavarsson og Arnþór Garðarsson. 1986. Botndýralíf í Dýrafirði. Fjölrit Líffræðistofnunar nr. 25. 38 bls.

Josefson, A. 1981. Persistence and structure of two deep macrobenthic communities in the Skagerrak (West coast of Sweden). J. exp. mar. Biol. Ecol. 50: 63-97.

Zigelmeier, E. 1978. Marobenthos investigations on the eastern part of the German Bight from 1950 to 1974. Rapp. p.-v. Réun. Cons. int. Explor. Mer, 172:432-444.

Tafla 1. Staðsetning (Loran C) og dýpi á stöðvum í Þerneyjarsundi. Dýpi er miðað við meðalstórstraumsfjöru.

Stöð	Staðsetning	Dýpi (m).
1	64°11'20 N - 21°45'90 V	3
2	64°11'27 N - 21°46'06 V	6
3	64°11'40 N - 21°46'35 V	10
4	64°11'48 N - 21°46'72 V	15
5	64°11'07 N - 21°46'24 V	5

Tafla 2. Kornastærðardreifing á öllum stöðvum. Sýndur er hundraðshluti af hverjum stærðarflokki.

	STÖÐ				
KORNASTÆRÐ	1	2	3	4	5
> 2 mm	3.93	2.64	2.69	1.88	27.13
1 mm	19.30	20.22	1.31	0.53	2.31
0.5 mm	55.92	36.59	3.63	0.95	4.64
0.25 mm	11.85	34.98	5.83	1.12	9.04
0.125 mm	6.24	3.66	61.02	6.25	12.09
0.063 mm	2.54	1.62	23.69	46.94	18.64
< 0.063 mm	0.23	0.30	1.84	42.33	26.15
Samtals	100.00	100.00	100.00	100.00	100.00

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga á fermeter á öllum stöðvum í Þerneyjarsundi.

Tegund	STÖÐ 1	2	3	4	5
Hydrozoa	0	0	0	0	0
Anthozoa	0	0	0	3.33	0
Turbellaria	13.3	126.7	0	0.0	13.3
Nematoda	853.3	9980.0	3890.0	8600.0	5026.7
Kinoryncha	0.0	0.0	0.0	120.0	0.0
Nemertinae	613.3	313.3	0.0	203.3	13.3
Priapulus caudatus	0.0	0.0	0.0	0.0	13.3
Sipunculidae	0.0	0.0	0.0	26.7	26.7
Lepidonotus squamatus	3.3	0.0	0.0	0.0	0.0
Harmothoe imbricata	130.0	0.0	0.0	0.0	26.7
Pholoe minuta	13.3	0.0	0.0	13.3	43.3
Polynoidae sp. (juv)	0.0	6.7	0.0	0.0	0.0
Pisione remota	13.3	80.0	0.0	0.0	0.0
Eteone longa	106.7	26.7	116.7	346.7	356.7
Phyllodoce maculata	83.3	13.3	6.7	0.0	13.3
Phyllodoce sp.	3.3	0.0	0.0	0.0	0.0
Microphthalmus aberrans	226.7	286.7	6.7	26.7	26.7
Syllis armillaris	0.0	0.0	0.0	0.0	13.3
Exogone hebes	0.0	6.7	133.3	26.7	13.3
Sphaerosyllis erinaceus	80.0	6.7	0.0	0.0	3000.0
Nereis virens	0.0	0.0	0.0	0.0	3.3
Nephtys cf. caeca	3.3	3.3	10.0	16.7	0.0
Nephtys cf. ciliata	0.0	3.3	0.0	63.3	6.7
Sphaerodoridium minuta	0.0	0.0	46.7	133.3	93.3
Lumbrineris fragilis	0.0	0.0	0.0	60.0	13.3
Schistomeringos nigridentata	0.0	13.3	3.3	0.0	0.0
Goniada maculata	0.0	3.3	13.3	13.3	0.0
Glycera capitata	0.0	6.7	0.0	0.0	0.0
Scoloplos armiger	13.3	13.3	426.7	2026.7	2010.0
Apistobranchus tullbergi	0.0	0.0	0.0	80.0	0.0
Aricidea jeffreysii	0.0	0.0	6.7	66.7	13.3
Paraonis gracilis	0.0	0.0	0.0	1520.0	26.7
Laonice cirrata	0.0	3.3	0.0	6.7	0.0
Aonides pauchibranciata	0.0	110.0	0.0	0.0	0.0
Pygospio eligans	0.0	0.0	0.0	93.3	253.3
Spio spp.	0.0	53.3	120.0	213.3	80.0
Spiophanes bombyx	0.0	0.0	23.3	43.3	0.0
Chaetozone setosa	33.3	940.0	73.3	93.3	13.3
Cossura longocirrata	0.0	10.0	0.0	13.3	40.0
Scalibregma inflatum	0.0	0.0	0.0	3.3	0.0
Travesia forbesii	0.0	26.7	0.0	0.0	0.0
Ophelia limacina	43.3	206.7	0.0	0.0	0.0
Ophelina acuminata	0.0	0.0	6.7	13.3	16.7
Capitella capitata	26.7	0.0	0.0	0.0	0.0
Notomastus latericeus	0.0	0.0	0.0	0.0	13.3
Heteromastus filiformis	100.0	166.7	10.0	13.3	80.0
Praxillella praetermissa	0.0	0.0	0.0	336.7	106.7
Maldane sarsi	0.0	0.0	0.0	0.0	13.3
Maldanidae sp.	0.0	0.0	3.3	0.0	16.7
Owenia fusiformis	0.0	0.0	30.0	243.3	0.0

Myriochele oculata	0.0	0.0	96.7	906.7	0.0
Sternaspis scutata	0.0	0.0	0.0	3.3	13.3
Pectinaria sp.	0.0	0.0	0.0	0.0	3.3
Ampharete acutifrons	0.0	0.0	0.0	0.0	3.3
Amphitrite ciliata	0.0	0.0	0.0	0.0	3.3
Laphania boecki	0.0	0.0	0.0	0.0	26.7
Terebellides stroemi	0.0	0.0	0.0	103.3	320.0
Polycirrus spp.	26.7	686.7	0.0	0.0	0.0
Tubificoides benedii	0.0	73.3	6.7	0.0	13.3
Tubificoides kozloffi	0.0	200.0	0.0	13.3	13.3
Grania postclitellochaeta	13.3	2553.3	0.0	0.0	0.0
Oligochaeta sp. A	6.7	206.7	0.0	0.0	0.0
Oligochaeta sp. B	0.0	46.7	0.0	0.0	0.0
Oligochaeta sp. C	0.0	160.0	0.0	0.0	0.0
cf. Protodrilus sp.	0.0	226.7	0.0	0.0	0.0
Acmaea testudinalis	6.7	0.0	0.0	0.0	0.0
Margarites helicinus	40.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Margarites groenlandicus	3.3	0.0	0.0	0.0	0.0
Gibbula tumida	3.3	0.0	0.0	0.0	0.0
Moelleria costulata	0.0	0.0	3.3	0.0	0.0
Lacuna vincta	33.3	446.7	43.3	53.3	0.0
Onoba semicostata	26.7	0.0	0.0	0.0	66.7
Omalogyra atomus	13.3	0.0	0.0	0.0	0.0
Lunatia montagui	0.0	0.0	3.3	0.0	0.0
Trophonopsis clathratus	0.0	0.0	0.0	0.0	3.3
Buccinum undatum	0.0	0.0	0.0	0.0	13.3
Gastropoda sp.	180.0	173.3	30.0	66.7	26.7
cf. Retusa spp.	13.3	26.7	63.3	226.7	320.0
Nuculoma tenuis	0.0	0.0	0.0	13.3	0.0
Nuculana pernula	0.0	0.0	0.0	16.7	0.0
Crenella decussata	0.0	333.3	160.0	2053.3	1733.3
Mytilus edulis (juv.)	33.3	13.3	6.7	0.0	13.3
Musculus spp.	0.0	0.0	0.0	0.0	43.3
Mytilidae sp. (juv.)	13.3	0.0	0.0	66.7	13.3
Astarte borealis	0.0	0.0	6.7	56.7	6.7
Astarte elliptica	0.0	13.3	56.7	880.0	326.7
Arctica islandica	70.0	186.7	220.0	410.0	26.7
Montacuta cf. ferruginosa	20.0	593.3	333.3	706.7	133.3
Thyasira flexuosa	0.0	0.0	0.0	106.7	3.3
Axinopsida orbiculata	56.7	0.0	50.0	146.7	13.3
cf. Turtonia minuta	0.0	66.7	0.0	0.0	0.0
Ciliatocardium ciliatum	0.0	0.0	0.0	0.0	3.3
Acanthocardium echinata	0.0	0.0	0.0	3.3	3.3
Cardium spp.	0.0	0.0	0.0	40.0	40.0
Macoma calcarea	0.0	3.3	16.7	53.3	43.3
Spisula elliptica	40.0	760.0	23.3	40.0	0.0
Gari fervensis	60.0	93.3	46.7	213.3	306.7
Abra prismatica	6.7	3.3	6.7	26.7	0.0
Abra nitida	0.0	0.0	66.7	240.0	506.7
Abra spp. (juv.)	0.0	0.0	73.3	226.7	253.3
Mya arenaria	0.0	0.0	0.0	0.0	20.0
Thracia sp.	0.0	0.0	10.0	40.0	0.0
Bivalvia spp.	0.0	0.0	0.0	0.0	133.3
Acarina spp.	13.3	66.7	0.0	160.0	133.3
Philomedes globosus	0.0	0.0	0.0	0.0	280.0
cf. Macrocythere simplex	0.0	0.0	0.0	53.3	0.0
Ostracoda spp.	6.7	20.0	30.0	2773.3	3920.0
Harpacticoida	160.0	113.3	3.3	160.0	1546.7

Cirripedia lirfur	0.0	33.3	0.0	0.0	0.0
Leucon nasica	0.0	0.0	0.0	266.7	0.0
Eudorellopsis deformis	0.0	0.0	140.0	93.3	0.0
Brachidiastylis resima	0.0	0.0	0.0	173.3	0.0
Leptognathia gracilis	0.0	6.7	343.3	800.0	0.0
Eugerda tenuimanum	0.0	0.0	0.0	0.0	386.7
Munna sp.	26.7	0.0	0.0	0.0	0.0
Pleurogonium spinosissimum	0.0	0.0	0.0	0.0	320.0
Anonyx nugas	0.0	0.0	0.0	0.0	13.3
Pontoporeia femorata	0.0	0.0	0.0	0.0	1073.3
Phoxocephalus holboelli	0.0	90.0	0.0	0.0	0.0
Dexamina thea	73.3	0.0	3.3	0.0	66.7
Protomedeia fasciata	13.3	0.0	0.0	0.0	1496.7
Corophium bonelli	253.3	0.0	0.0	0.0	176.7
Amphipoda spp.	13.3	13.3	23.3	30.0	53.3
Hyas coarcticus	3.3	0.0	0.0	0.0	0.0
Cricotopus variabilis	0.0	0.0	0.0	0.0	26.7
Ophiuroidea sp.	0.0	0.0	0.0	3.3	0.0
Holothuroidea sp.	0.0	0.0	0.0	0.0	13.3
Bryozoa	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
cf. Poganophora sp.	0.0	0.0	0.0	0.0	0.0
Ammodytes marinus	13.3	40.0	0.0	0.0	0.0
Pholis gunnellus	3.3	0.0	0.0	0.0	0.0
Samtals	3606.7	19656.7	6793.3	25646.7	25343.3
Fjöldi tegunda	49	53	44	63	76

Tafla 4. Fjöldi einstaklinga í greip (A, B, C), staðalfrávik (SD), meðalfjöldi einstaklinga í sýnum og fjöldi einstaklinga á fermeter á stöð 1.

Tegund	A	B	C	Meðal fjöldi í sýni	Meðal fjöldi á m²	SD
Nematoda	52	112	92	85.3	853.3	30.6
Nemertinae	22	20	142	61.3	613.3	69.9
Corophium bonelli	0	0	76	25.3	253.3	43.9
Microphthalmus aberrans	32	36	0	22.7	226.7	19.7
Gastropoda sp.	2	16	36	18.0	180.0	17.1
Harpacticoida	8	4	36	16.0	160.0	17.4
Harmothoe imbricata	0	0	39	13.0	130.0	22.5
Eteone longa	16	8	8	10.7	106.7	4.6
Heteromastus filiformis	14	4	12	10.0	100.0	5.3
Phyllodoce maculata	0	0	25	8.3	83.3	14.4
Sphaerosyllis erinaceus	0	0	24	8.0	80.0	13.9
Dexamina thea	2	0	20	7.3	73.3	11.0
Arctica islandica	4	1	16	7.0	70.0	7.9
Gari fervensis	10	4	4	6.0	60.0	3.5
Axinopsida orbiculata	17	0	0	5.7	56.7	9.8
Ophelia limacina	1	0	12	4.3	43.3	6.7
Margarites helicinus	0	4	8	4.0	40.0	4.0
Spisula elliptica	10	2	0	4.0	40.0	5.3
Mytilus edulis (juv.)	2	0	8	3.3	33.3	4.2
Chaetozone setosa	2	4	4	3.3	33.3	1.2
Lacuna vincta	10	0	0	3.3	33.3	5.8
Polycirrus spp.	4	4	0	2.7	26.7	2.3
Munna sp.	0	0	8	2.7	26.7	4.6
Onoba semicostata	8	0	0	2.7	26.7	4.6
Capitella capitata	4	0	4	2.7	26.7	2.3
Montacuta cf. ferruginosa	2	0	4	2.0	20.0	2.0
Mytilidae sp. (juv.)	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Omalogyra atomus	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Ammodytes marinus	1	0	3	1.3	13.3	1.5
Amphipoda spp.	2	0	2	1.3	13.3	1.2
Acarina spp.	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Turbellaria	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Pholoe minuta	0	0	4	1.3	13.3	2.3
cf. Retusa spp.	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Protomedeia fasciata	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Grania postclitellochaeta	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Scoloplos armiger	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Pisione remota	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Abra prismatica	2	0	0	0.7	6.7	1.2
Acmaea testudinalis	0	0	2	0.7	6.7	1.2
Ostracoda spp.	2	0	0	0.7	6.7	1.2
Oligochaeta sp. A	2	0	0	0.7	6.7	1.2
Margarites groenlandicus	1	0	0	0.3	3.3	0.6
Gibbula tumida	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Pholis gunnellus	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Lepidonotus squamatus	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Phyllodoce sp.	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Hyas coarcticus	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Nephtys cf. caeca	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Bryozoa spp.	0	0	0	0.0	0.0	
Samtals				360.7	3606.7	
Fjöldi tegunda	30	17	34	50.0		9.3

Tafla 5. Fjöldi einstaklinga í greip (A, B, C), staðalfrávik (SD), meðalfjöldi einstaklinga í greip og fjöldi einstaklinga á fermeter á stöð 2.

Tegund	A	B	C	Meðal fjöldi í sýni	Meðal fjöldi á m²	SD
Nematoda	128	408	2458	998.0	9980.0	1272.1
Grania postclitellochaeta	156	220	390	255.3	2553.3	120.9
Chaetozone setosa	72	84	126	94.0	940.0	28.4
Spisula elliptica	42	75	111	76.0	760.0	34.5
Polycirrus spp.	28	96	82	68.7	686.7	35.9
Montacuta cf. ferruginosa	4	148	26	59.3	593.3	77.6
Lacuna vincta	36	0	98	44.7	446.7	49.6
Crenella decussata	0	80	20	33.3	333.3	41.6
Nemertinae	8	64	22	31.3	313.3	29.1
Microphthalmus aberrans	0	16	70	28.7	286.7	36.7
cf. Protodrilus sp.	32	36	0	22.7	226.7	19.7
Oligochaeta sp. A	32	12	18	20.7	206.7	10.3
Ophelia limacina	30	12	20	20.7	206.7	9.0
Tubificoides kozloffi	16	20	24	20.0	200.0	4.0
Arctica islandica	4	35	17	18.7	186.7	15.6
Gastropoda sp.	0	48	4	17.3	173.3	26.6
Heteromastus filiformis	12	16	22	16.7	166.7	5.0
Oligochaeta sp. C	8	4	36	16.0	160.0	17.4
Turbellaria	4	0	34	12.7	126.7	18.6
Harpacticoidae	4	0	30	11.3	113.3	16.3
Aonides pauchibranciata	8	13	12	11.0	110.0	2.6
Gari fervensis	4	16	8	9.3	93.3	6.1
Phoxocephalus holboelli	5	8	14	9.0	90.0	4.6
Pisione remota	8	8	8	8.0	80.0	0.0
Tubificoides benedii	4	12	6	7.3	73.3	4.2
Acarina spp.	4	0	16	6.7	66.7	8.3
cf. Turtonia minuta	20	0	0	6.7	66.7	11.5
Spio spp.	9	5	2	5.3	53.3	3.5
Oligochaeta sp. B	8	0	6	4.7	46.7	4.2
Ammodytes marinus	3	6	3	4.0	40.0	1.7
Cirripedia lirfur	8	0	2	3.3	33.3	4.2
cf. Retusa spp.	4	4	0	2.7	26.7	2.3
Travesia forbesii	0	8	0	2.7	26.7	4.6
Eteone longa	4	1	3	2.7	26.7	1.5
Ostracoda spp.	4	0	2	2.0	20.0	2.0
Astarte elliptica	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Amphipoda spp.	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Scoloplos armiger	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Phyllodoce maculata	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Mytilus edulis (juv.)	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Schistomeringos nigridentata	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Cossura longocirrata	0	0	3	1.0	10.0	1.7
Exogone hebes	0	0	2	0.7	6.7	1.2
Glycera capitata	0	2	0	0.7	6.7	1.2
Leptognathia gracilis	0	0	2	0.7	6.7	1.2
Polynoidae sp. (juv)	0	0	2	0.7	6.7	1.2
Sphaerosyllis erinaceus	0	0	2	0.7	6.7	1.2
Abra prismatica	1	0	0	0.3	3.3	0.6
Nephtys cf. ciliata	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Nephtys cf. caeca	1	0	0	0.3	3.3	0.6
Laonice cirrata	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Macoma calcarea	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Goniada maculata	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Samtals				1965.7	19656.7	
Fjöldi teg	37	31	39	53.0		4.2

Tafla 6. Fjöldi einstaklinga í greip (A, B, C), staðalfrávik (SD), meðalfjöldi einstaklinga í sýni og fjöldi einstaklinga á fermeter á stöð 3.

Tegund	A	B	C	Meðal fjöldi í sýni	Meðal fjöldi á m²	SD
Nematoda	238	544	385	389.0	3890.0	153.0
Scoloplos armiger	43	38	47	42.7	426.7	4.5
Leptognathia gracilis	42	24	37	34.3	343.3	9.3
Montacuta cf. ferruginosa	62	18	20	33.3	333.3	24.8
Arctica islandica	25	16	25	22.0	220.0	5.2
Crenella decussata	20	14	14	16.0	160.0	3.5
Eudorellopsis deformis	22	8	12	14.0	140.0	7.2
Exogone hebes	2	22	16	13.3	133.3	10.3
Spio spp.	14	14	8	12.0	120.0	3.5
Eteone longa	10	14	11	11.7	116.7	2.1
Myriochele oculata	20	6	3	9.7	96.7	9.1
Chaetozone setosa	2	10	10	7.3	73.3	4.6
Abra spp. (juv.)	10	6	6	7.3	73.3	2.3
Abra nitida	7	8	5	6.7	66.7	1.5
cf. Retusa spp.	6	10	3	6.3	63.3	3.5
Astarte elliptica	2	12	3	5.7	56.7	5.5
Axinopsida orbiculata	2	10	3	5.0	50.0	4.4
Gari fervensis	4	6	4	4.7	46.7	1.2
Sphaerodoridium minuta	10	2	2	4.7	46.7	4.6
Lacuna vincta	0	10	3	4.3	43.3	5.1
Ostracoda spp.	6	2	1	3.0	30.0	2.6
Owenia fusiformis	5	2	2	3.0	30.0	1.7
Gastropoda sp.	8	0	1	3.0	30.0	4.4
Spisula elliptica	1	2	4	2.3	23.3	1.5
Amphipoda spp.	3	2	2	2.3	23.3	0.6
Spiophanes bombyx	0	2	5	2.3	23.3	2.5
Macoma calcarea	1	2	2	1.7	16.7	0.6
Goniada maculata	1	2	1	1.3	13.3	0.6
Nephtys cf. caeca	1	1	1	1.0	10.0	0.0
Heteromastus filiformis	0	0	3	1.0	10.0	1.7
Thracia sp.	1	0	2	1.0	10.0	1.0
Phyllodoce maculata	0	0	2	0.7	6.7	1.2
Ophelina acuminata	2	0	0	0.7	6.7	1.2
Mytilus edulis (juv.)	2	0	0	0.7	6.7	1.2
Astarte borealis	2	0	0	0.7	6.7	1.2
Microphthalmus aberrans	0	0	2	0.7	6.7	1.2
Aricidea jeffreysii	2	0	0	0.7	6.7	1.2
Abra prismatica	1	0	1	0.7	6.7	0.6
Tubificoides benedii	2	0	0	0.7	6.7	1.2
Schistomeringos nigridentata	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Harpacticoida	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Maldanidae sp.	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Lunatia montagui	1	0	0	0.3	3.3	0.6
Moelleria costulata	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Dexamina thea	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Samtals				679.3	6793.3	
Tegundafjöldi	35	28	39	45.0		

Tafla 7. Fjöldi einstaklinga í greip (A, B, C), staðalfrávik (SD), meðalfjöldi einstaklinga í sýni og fjöldi einstaklinga á fermeter á stöð 4.

Tegund	A	B	C	Meðal fjöldi í sýni	Meðal fjöldi á m²	SD
Nematoda	1008	692	880	860.0	8600.0	158.9
Ostracoda spp.	540	220	72	277.3	2773.3	239.2
Crenella decussata	160	240	216	205.3	2053.3	41.1
Scoloplos armiger	146	118	344	202.7	2026.7	123.2
Paraonis gracilis	148	152	156	152.0	1520.0	4.0
Myriochele oculata	83	61	128	90.7	906.7	34.2
Astarte elliptica	80	84	100	88.0	880.0	10.6
Leptognathia gracilis	64	88	88	80.0	800.0	13.9
Montacuta cf. ferruginosa	64	44	104	70.7	706.7	30.6
Arctica islandica	41	48	34	41.0	410.0	7.0
Eteone longa	16	40	48	34.7	346.7	16.7
Praxillella praetermissa	32	34	35	33.7	336.7	1.5
Leucon nasica	36	24	20	26.7	266.7	8.3
Owenia fusiformis	33	20	20	24.3	243.3	7.5
Abra nitida	24	40	8	24.0	240.0	16.0
Abra spp. (juv.)	20	28	20	22.7	226.7	4.6
cf. Retusa spp.	32	24	12	22.7	226.7	10.1
Spio spp.	16	36	12	21.3	213.3	12.9
Gari fervensis	24	20	20	21.3	213.3	2.3
Nemertinae	40	0	21	20.3	203.3	20.0
Brachidiastylis resima	36	8	8	17.3	173.3	16.2
Harpacticoidae	20	12	16	16.0	160.0	4.0
Acarina spp.	28	4	16	16.0	160.0	12.0
Axinopsida orbiculata	0	24	20	14.7	146.7	12.9
Sphaerodoridium minuta	20	12	8	13.3	133.3	6.1
Kinoryncha	20	4	12	12.0	120.0	8.0
Thyasira flexuosa	8	12	12	10.7	106.7	2.3
Terebellides stroemi	14	6	11	10.3	103.3	4.0
Pygospio eligans	4	16	8	9.3	93.3	6.1
Chaetozone setosa	8	12	8	9.3	93.3	2.3
Eudorellopsis deformis	16	8	4	9.3	93.3	6.1
Apistobranchus tullbergi	4	4	16	8.0	80.0	6.9
Gastropoda sp.	0	0	20	6.7	66.7	11.5
Aricidea jeffreysii	8	4	8	6.7	66.7	2.3
Mytilidae sp. (juv.)	0	8	12	6.7	66.7	6.1
Nephtys cf. ciliata	12	2	5	6.3	63.3	5.1
Lumbrineris fragilis	4	6	8	6.0	60.0	2.0
Astarte borealis	16	1	0	5.7	56.7	9.0
Macoma calcarea	4	8	4	5.3	53.3	2.3
Lacuna vincta	8	8	0	5.3	53.3	4.6
cf. Macrocythere simplex	16	0	0	5.3	53.3	9.2
Spiophanes bombyx	0	12	1	4.3	43.3	6.7
Spisula elliptica	0	8	4	4.0	40.0	4.0
Cardium spp.	4	4	4	4.0	40.0	0.0
Thracia sp.	4	0	8	4.0	40.0	4.0
Amphipoda spp.	4	4	1	3.0	30.0	1.7
Abra prismatica	0	0	8	2.7	26.7	4.6
Microphthalmus aberrans	4	4	0	2.7	26.7	2.3
Sipunculidae	0	4	4	2.7	26.7	2.3

Exogone hebes	4	0	4	2.7	26.7	2.3
Nephtys cf. caeca	4	1	0	1.7	16.7	2.1
Nuculana pernula	5	0	0	1.7	16.7	2.9
Tubificoides kozloffi	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Goniada maculata	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Cossura longocirrata	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Nuculoma tenuis	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Ophelina acuminata	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Pholoe minuta	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Heteromastus filiformis	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Laonice cirrata	0	2	0	0.7	6.7	1.2
Acanthocardia echinata	1	0	0	0.3	3.3	0.6
Anthozoa	1	0	0	0.3	3.3	0.6
Ophiuroidea sp.	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Sternaspis scutata	1	0	0	0.3	3.3	0.6
Scalibregma inflatum	1	0	0	0.3	3.3	0.6
Hydrozoa	+		+	0.0	0.0	0.0
Samtals				2564.7	25646.7	
Fjöldi tegunda	66	65	66	66.0		

Tafla 8. Fjöldi einstaklinga í greip (A, B, C), staðalfrávik (SD), meðalfjöldi einstaklinga í sýni og fjöldi einstaklinga á fermeter á stöð 5.

Tegund	A	B	C	Meðal fjöldi í sýni	Meðal fjöldi á m²	SD
Nematoda	544	624	340	502.7	5026.7	146.4
Ostracoda spp.	272	384	520	392.0	3920.0	124.2
Sphaerosyllis erinaceus	100	636	164	300.0	3000.0	292.7
Scoloplos armiger	167	264	172	201.0	2010.0	54.6
Crenella decussata	144	164	212	173.3	1733.3	34.9
Harpacticoida	48	312	104	154.7	1546.7	139.1
Protomedeia fasciata	156	164	129	149.7	1496.7	18.3
Pontoporeia femorata	116	100	106	107.3	1073.3	8.1
Abra nitida	52	40	60	50.7	506.7	10.1
Eugerda tenuimanum	24	76	16	38.7	386.7	32.6
Eteone longa	36	30	41	35.7	356.7	5.5
Astarte elliptica	24	18	56	32.7	326.7	20.4
Terebellides stroemi	36	48	12	32.0	320.0	18.3
Pleurogonium spinosissimum	8	64	24	32.0	320.0	28.8
cf. Retusa spp.	44	44	8	32.0	320.0	20.8
Gari fervensis	24	32	36	30.7	306.7	6.1
Philomedes globosus	24	36	24	28.0	280.0	6.9
Abra spp. (juv.)	40	36	0	25.3	253.3	22.0
Pygospio eligans	32	16	28	25.3	253.3	8.3
Corophium bonelli	16	21	16	17.7	176.7	2.9
Bivalvia spp.	0	24	16	13.3	133.3	12.2
Montacuta cf. ferruginosa	32	8	0	13.3	133.3	16.7
Acarina spp.	0	20	20	13.3	133.3	11.5
Praxillella praetermissa	16	6	10	10.7	106.7	5.0
Sphaerodoridium minuta	8	4	16	9.3	93.3	6.1
Spio spp.	8	4	12	8.0	80.0	4.0
Heteromastus filiformis	0	16	8	8.0	80.0	8.0
Dexamina thea	8	8	4	6.7	66.7	2.3
Onoba semicostata	0	20	0	6.7	66.7	11.5
Amphipoda spp.	16	0	0	5.3	53.3	9.2
Pholoe minuta	1	0	4	4.3	43.3	2.1
Musculus spp.	8	5	0	4.3	43.3	4.0
Macoma calcarea	4	9	0	4.3	43.3	4.5
Cardium spp.	4	8	0	4.0	40.0	4.0
Cossura longocirrata	0	12	0	4.0	40.0	6.9
Arctica islandica	0	8	0	2.7	26.7	4.6
Gastropoda sp.	8	0	0	2.7	26.7	4.6
Cricotopus variabilis	4	0	4	2.7	26.7	2.3
Harmothoe imbricata	0	4	4	2.7	26.7	2.3
Laphania boecki	0	8	0	2.7	26.7	4.6
Paraonis gracilis	8	0	0	2.7	26.7	4.6
Microphthalmus aberrans	0	4	4	2.7	26.7	2.3
Sipunculidae	0	4	4	2.7	26.7	2.3
Mya arenaria	0	6	0	2.0	20.0	3.5
Ophelina acuminata	5	0	0	1.7	16.7	2.9
Maldanidae sp.	0	5	0	1.7	16.7	2.9
Sternaspis scutata	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Aricidea jeffreysii	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Mytilidae sp. (juv.)	4	0	0	1.3	13.3	2.3

Mytilus edulis (juv.)	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Chaetozone setosa	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Holothuroidea sp.	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Nemertinae	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Lumbrineris fragilis	0	2	2	1.3	13.3	1.2
Phyllodoce maculata	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Axinopsida orbiculata	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Syllis armillaris	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Maldane sarsi	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Tubificoides kozloffi	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Exogone hebes	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Buccinum undatum	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Turbellaria	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Tubificoides benedii	4	0	0	1.3	13.3	2.3
Priapulus caudatus	0	4	0	1.3	13.3	2.3
Notomastus latericeus	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Anonyx nugas	0	0	4	1.3	13.3	2.3
Nephtys cf. ciliata	0	2	0	0.7	6.7	1.2
Astarte borealis	1	1	0	0.7	6.7	0.6
Thyasira flexuosa	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Amphitrite ciliata	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Nereis virens	1	0	0	0.3	3.3	0.6
Ampharete acutifrons	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Acanthocardia echinata	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Ciliatocardium ciliatum	0	0	1	0.3	3.3	0.6
Trophonopsis clathratus	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Pectinaria sp.	0	1	0	0.3	3.3	0.6
Samtals				2534.3	25343.3	
Fjöldi tegunda	40	58	40	76.0		

Tafla 9. Röðunargreining á 15 algengustu tegundum á öllum stöðvum.

Tegund	STÖÐ 1	2	3	4	5
Nematoda	1	1	1	1	1
Nemertinae	2	10	0	20	53
Corophium bonelli	3	0	0	0	20
Microphthalmus aberrans	4	9	36	48	42
Gastropoda sp.	5	16	23	33	37
Harpacticoida	6	20	41	22	6
Harmothoe imbricata	7	0	0	0	39
Eteone longa	8	29	10	11	11
Heteromastus filiformis	9	17	30	59	27
Phyllodoce maculata	10	39	32	0	55
Sphaerosyllis erinaceus	11	47	0	0	3
Dexamina thea	12	0	45	0	28
Arctica islandica	13	15	5	10	36
Gari fervensis	14	22	18	19	16
Axinopsida orbiculata	15	0	17	24	56
Grania postclitellochaeta	36	2	0	0	0
Chaetozone setosa	20	3	12	30	51
Spisula elliptica	18	4	24	43	0
Polycirrus sp.	22	5	0	0	0
Montacuta cf. ferruginosa	26	6	4	9	22
Lacuna vincta	21	7	20	40	0
Crenella decussata	0	8	6	3	5
cf. Protodrilus spp.	0	11	0	0	0
Oligoghaeta sp. a	42	12	0	0	0
Ophelia limacina	16	13	0	0	0
Tubificoides kozloffi	0	14	0	53	59
Scoloplos armiger	37	38	2	4	4
Leptognathia gracilis	0	45	3	8	0
Euderollopsis deformis	0	0	7	31	0
Exogone hebes	0	43	8	50	60
Spio sp.	0	27	9	18	26
Myriochele oculata	0	0	11	6	0
Abra spp.	0	0	13	16	18
Abra nitida	0	0	14	15	9
cf Retusa spp.	34	32	15	17	15
Ostracoda	41	35	21	2	2
Paraonis gracilis	0	0	0	5	41
Astarte elliptica	0	36	16	7	12
Praxillella praetermissa	0	0	0	12	24
Leucon nasica	0	0	0	13	0
Owenia fusiformis	0	0	22	14	0
Protomedeia fasciata	35	0	0	0	7
Pontoporea femorata	0	0	0	0	8
Eugerda tenuimanum	0	0	0	0	10
Terebellides stroemi	0	0	0	28	13
Pleurogonium spinosissimum	0	0	0	0	14



Mynd 1. Þerneyjarsund og nágrenni. Stöðvar 1-5 eru merktar á kortið.



Mynd 2. Klasagreining (cluster analysis) fyrir stöðvar í Þerneyjarsundi. Notað er meðalfjöldi einstaklinga í sýni fyrir hverja stöð. Klasagreiningin er gerð með Euclidean aðferð þar sem meðaltölum var raðað (ranked).



Mynd 3. Geometriskir flokkar fyrir stöð 1 í Þerneyjarsundi



Mynd 4. Geometriskir flokkar fyrir stöð 2 í Þerneyjarsundi.



Mynd 5. Geometriskir flokkar fyrir stöð 3 í Þerneyjarsundi.



Mynd 6. Geometriskir flokkar fyrir stöð 4 í Þerneyjarsundi.



Mynd 7. Geometriskir flokkar fyrir stöð 5 í Þerneyjarsundi.



Mynd 8. Samband á milli uppsafnaðs tegundafjölda og kannaðs flatarmáls fyrir stöð í Eiðsvík þar sem sýni voru tekin bæði með Haps (□) og Shipek sýnatökum (■).



Mynd 9. Sambandið milli uppsafnaðs tegundafjölda og kannaðs flatarmáls fyrir stöð 5 í Þerneyjarsundi og stöð á innanverðu Viðeyjarsundi. Í Þerneyjarsundi var notuð Van Veen greip (■) en Haps kjarnataki í Viðeyjarsundi (□).